

Mýrdalshreppur
Ásgeir Magnússon
Austurvegi 17
870 Vík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. maí 2012
Tilvísun: UST20120400180/þek

Takmarkanir á umferð um Dyrhólaey frá 5. maí til 25. júní 2012

Samkvæmt auglýsingu nr. 101/1978 um friðlýsingu Dyrhólaeyjar hefur Umhverfisstofnun heimild til að takmarka umferð um Dyrhólaey á tímabilinu 1. maí til 25. júní. Í 4. tölulið auglýsingarinnar er lýtur að reglum um friðlandið segir: „Umhverfisstofnun getur þó takmarkað ferðir þangað á tímabilinu 1. maí til 25. júní“. Undanfarin ár hefur takmörkun umferðar um friðlandið verið með mismunandi hætti á ofangreindu tímabili og hefur rökstuðningur fyrir þeirri takmörkun verið vernd fuglalífs í Dyrhólaey.

Fulltrúi Umhverfisstofnunar ásamt Dr. Arnóri Þ. Sigfússyni, fuglafræðingi, fulltrúa sveitarfélagsins Vík og fulltrúa ábúenda í Dyrhólahverfi fóru í vettvangsferð til Dyrhólaeyjar þann 27. apríl sl. Tilgangur vettvangsferðarinnar var forathugun á fuglalífi vegna ákvörðunar um takmarkanir á umferð að eyggi 1. maí til 25. júní samkvæmt auglýsingu um friðlandið. Sambærilegar ferðir hafa verið farnar undanfarin þrjú ár. Fuglafræðingur skilaði inn minnisblaði um vettvangsferðina þann 29. apríl sl.

Í minnisblaðinu koma fram sambærilegar niðurstöður og síðastliðin ár, þó svo að mun líflegra hafi verið í björgunum en verið hefur undanfarin tvö ár á sama tíma. Ekki var hægt að fullyrða neitt um hvernig varp muni verða í sumar en líkt og í fyrri minnisblöðum fuglafræðings er bent á að varp í byrjun júní 2009 - 2011 verið lítið sé miðað við könnun sem gerð var af Náttúrufræðistofnun Íslands árið 1999, sérstaklega hvað varðar æðarfugl, kríu og sílamáf. Heildarfjöldi æðarfugls við eygna er mun meiri en á sama tíma í fyrra, 410 æðarblikar og um 325 kollur samanborið við 150-170 sem sést hafa síðustu 2 ár og gefur það fyrirheit um að hugsanlega verið æðarvarp í eyggi meira í ár en undanfarin 3 ár.

Í fyrri minnisblöðum fuglafræðings frá 2009 - 2011 hefur m.a. verið hvatt til að landvarsla verði á svæðinu og að merktar verði gönguleiðir ásamt því að leiðbeiningaskiltum um umgengni við fuglalíf og gróður verði komið upp. Landvörður var ráðinn að eyggi í fyrra og áform um að svo verði aftur nú. Samarið 2011 var mikið verk unnið við lagningu stíga og einnig merkingar og leiðbeiningar auk þess sem aðkomuvegur að Lágey hefur verið lagfærður. Að mati fuglafræðings ættu þessar umbætur auk landvörslu að stuðla að betri umgengni sem gæti orðið fuglalífi og gróðri til framdráttar og ef vel tekst til með stýringu umferðar til frambúðar mun fuglalíf aðlaga sig að þeirri umferð sem um eygna fer.

Fuglafræðingurinn bendir á að megin æðarvarp í Dyrhólaey er í Lágey og mest undir klettum á norðurhluta eyjarinnar. Þá er dreifðara varp upp á Lágeynni en nokkuð þétt við tjörn og læk sem eru nálægt veginum sem liggur upp í Háey. Á Háey sjálfri er lítið sem ekkert æðarvarp en þar sést best til varps bjargfugla sem og í gatklettnum. Fuglafræðingur bendir því á að umferð um Háey hafi því lítil áhrif á æðarvarp og er það aðeins umferð ökutækja sem gæti haft truflandi áhrif á æðarfugl við tjörnina. Umferð um Lágey er líklegri til að valda truflun í varpi samkvæmt álitum fuglafræðings og telur hann að takmarka ætti umferð ferðamanna við helstu gönguleiðir á svæðinu. Að lokum bendir fuglafræðingurinn á að tryggja verði eftir föngum vernd eyinnar gegn ágangi refa og minka, en afrán af völdum þeirra og umferð um varplönd getur haft mun meiri og varanlegri áhrif á varp en umferð manna. Tveir refir voru felldir í Dyrhólaey sl. sumar og er mikilvægt að kannað verði nú hvort líkur séu á að refir eða minkar séu á svæðinu og að gripið verði til viðeigandi aðgerða áður en varp hefst.

Minnisblað fuglafræðings frá 29. apríl var sent landeigendum, sveitarfélagi, nýttjarréttihöfum og Bændasamtökum Íslands með tölvubréfi dagsettu 30. apríl og var óskað eftir umsögnum um það. Skammur frestur, eða til 2. maí, var veittur til að veita umsögn um framkommið minnisblað, þar sem stofnunin taldi mikilvægt að taka ákvörðun hið fyrsta um lokun eyinnar. Ekki bárust umsagnir frá Bændasamtökum Íslands og einum landeiganda. Einnig sendi Umhverfisstofnun framangreint minnisblað til ráðgjafanefndar Dyrhólareyjar til umfjöllunar hinn 30. apríl, en ekki tókst að koma á nefndarfundi og var því óskað eftir álitum einstakra nefndarmanna á minnisblaðinu.

Í umsögn sveitarfélagsins Mýrdalshrepps dags. 2. maí kemur m.a. fram að með góðri landvörslu og stýrðri og skipulagðri umferð fólks um eyinna megi tryggja að varp verði ekki fyrir ónæði og að umferð fólks um friðlandið ætti að halda vargi frá. Landvörður í friðlandinu muni einnig sjá um að gestir og gangandi virði umgengnisreglur og aðrar leiðbeiningar og haldi sig frá viðkvæmustu varplöndum á varptímanum. Sveitarfélagið telur að ekki sé þörf að loka eynni miðað við það sem fram kemur í skýrslu fuglafræðingsins.

Í umsögn Þorsteins Gunnarssonar, sem barst 2. maí s.l., fyrir hönd ábúenda í Dyrhólaverfi, kemur m.a. fram að ábúendur krefjast lokunar eyinnar á varptíma þar sem ekki hafi náðst samstaða um annað innan ráðgjafanefndar um friðlandið. Einnig kemur fram að fuglalíf í eyinni hafi hnignað á undanförunum árum og er þá vísað til þess að hvað eftir annað hafi verið gerð atлага að þeirri friðun, ýmist með því að seinka lokun á þeim tíma sem varpfugl er viðkvæmastur fyrir ónæði, flýta opnun og hleypa umferð inn á landið á miðjum varptíma, eða með innbrotum og tjóni á varplöndum sem náði hámarki vorið 2011. Fulltrúi ábúenda telur brýnt að tryggja fulla friðun allt tímabilið og að sjá til þess að friðlandið njóti raunverulegrar verndar. Að mati fulltrúa ábúenda byggist blómlegt og fjölskrúðugt fuglalíf á því að Dyrhólaey sé friðuð fyrir umferð á vorin. Áföll síðustu ára leiddu til gríðarlegrar hnignunar fuglalífsins, einkum í æðarvarpi sem hrundi úr 700-900 hreiðrum í einungis 150-250. Að mati fulltrúa ábúenda kallar fækkun á fugli á svæðinu á mótvægisáðgerðir til að rétta hlut náttúrunnar og að aukið álag á friðlandið verði ekki réttlætt án rannsókna á að þolmörk þess hafi leitt í ljós að það sé óhætt. Að lokum bendir fulltrúi ábúenda á að úttekt fuglafræðings gefi villandi mynd af æðarvarpinu í Dyrhólaey, ekki síst ef miðað er við varpið eins og það var áður en tekið var að skerða friðun landsins að vorinu. Að mati fulltrúa ábúenda eru fullyrðingar fuglafræðings órökstuddar á grundvelli lauslegra vettvangsathugana og fuglatalninga um að hinu ört hrakandi lífríki eyinnar sé öllu óhætt þótt álag af völdum umferðar verði stóraukið frá því sem verið hefur.

Í ráðgjafanefnd um Dyrhólaey starfa fulltrúi sveitarfélagsins Mýrdalshrepps, fulltrúi Ferðamálastofu, fulltrúi ábúenda í Dyrhólaverfi og fulltrúi Náttúruverndarsamtaka

Suðurlands. Svör bárust frá fulltrúa sveitarfélagsins Mýrdalshrepps dags. 1. maí, fulltrúa Ferðamálastofu, dags. 2. maí og fulltrúa Náttúruverndasamtaka Suðurlands 3. maí. Fulltrúi Ferðamálastofu tekur undir niðurstöður fuglafræðingsins og gerir ekki athugasemdir við minnisblaðið. Fulltrúi Mýrdalshrepps tekur einnig undir niðurstöður fuglafræðingsins og gerir ekki athugasemdir við minnisblaðið. Fulltrúi Mýrdalshrepps leggur einnig áherslu á að stuðst verði við tillögur fuglafræðingsins um stýringu ferðamanna um eyrna. Fulltrúi Náttúruverndarsamtaka Suðurlands tekur undir álit fuglafræðingsins um þörf fyrir landvörslu og umferðarstýringu á Dyrhólaey og einnig þá tillögu hans um að kvöld og næturlokun á álagstíma ferðamennsku. Að öðru leyti telur fulltrúi Náttúruverndarsamtaka Suðurlands sig ekki hafa forsendur til að fjalla um minnisblað fuglafræðingsins. Að lokum bendir fulltrúi Náttúruverndarsamtaka Suðurlands á nauðsyn þess að fram fari rannsókn á þolmörkum eyrnar gagnvart ferðamönnum.

Þann 5. maí 2010 óskaði Umhverfisstofnun eftir álit Náttúrufræðistofnunar Íslands um álitæfni varðandi vernd fuglalífs í Dyrhólaey og takmarkanir á umferð um eyrna. Þann 7. maí 2010 barst Umhverfisstofnun svar Náttúrufræðistofnunar Íslands við erindi stofnunarinnar. Í bréfinu kom m.a. fram að stofnunin hafi áður gefið álit um hvað gera þurfti er varðar umgengni um eyrna á varptíma til að óhætt yrði að opna eyrna fyrir umferð fyrir 25. júní. Þau atriði voru í sex liðum, þ.e.:

1. Að lokið yrði við gerð deiliskipulags fyrir Dyrhólaey
2. Þau varpsvæði í Dyrhólaey, sem menn vilja beina umferð frá, verði skýrt afmörkuð.
3. Komið verði upp stórum og læsilegum skiltum á íslensku og ensku er útlisti umgengnisreglur.
4. Vegurinn verði færður frá tjörninni á Lágey og þar með beint frá viðkvæmu varpsvæði.
5. Stígar verði lagðir á helstu útsýnis- og skoðunarstaði og afmarkaðir með köðlum.
6. Eftirlitsmaður verði ráðinn á varptíma 1. maí - 15. júlí.

Umhverfisstofnun bendir á að samþykkt deiliskipulag fyrir Dyrhólaey liggur nú fyrir, að viðkvæm varpsvæði í Dyrhólaey séu að hluta afmörkuð en verði að fullu skýrt afmörkuð á lokunartíma, komið verði upp stórum skiltum sem útlista umgengnisreglur, vegurinn um tjörnina á Lágey verði lokaður og að stígar hafa þegar verið lagðir og merktir að helstu skoðunarstöðum. Umhverfisstofnun bendir á að Mýrdalshreppur fer nú með umsjón og rekstur friðlandsins og mun sveitarfélagið ráða landvörð sem sér m.a. um vörslu svæðisins.

Í III. kafla náttúruverndarlaga nr. 44/1999 er að finna ákvæði um rétt almennings til að fara um landið. Í 1. mgr. 12. gr er sett fram sú meginregla að almenningi sé heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi en þessum rétti fylgir sú skylda að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varkárni þannig að henni verði ekki spillt. Frekari fyrirmæli er að finna í 13. gr. laganna vegna farar um landið og umgengni en krafa er um að almenningur verði að sýna landeigenda og öðrum rétt höfum lands fulla tillitssemi og virða hagsmuni þeirra. Tilgreint er að fara skuli eftir merktum leiðum og vegum eftir því sem auðið er og sérstaka aðgát í nánd við búsmala, sellátur, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði. Í náttúruverndarlöggum er þannig skýrt kveðið á um rétt almennings til fara um óræktað land utan byggðar. Almennaréttur er byggður á fornum norrænum venjurétti og byggir á hugmyndinni um frjálstan aðgang almennings að mikilvægum náttúrulegum gæðum. Umhverfisstofnun vísar til niðurstöðu nefndar sem falið var að vinna að heildarskoðun náttúruverndarlaga um að brýnt sé að standa vörð um almennaréttinn enda helgast hann af því viðhorfi að náttúra Íslands sé sameiginleg gæði landsmanna sem öllum sé jafnfrjálst að njóta. Réttinum fylgi hins vegar skyldur um góða umgengi og tillitsemi gagnvart landeigenda.

Nefndin benti á að í nútímasamfélagi er mikilvægasti þáttur almannaréttarins líklega sá að eiga kost á að njóta útivistar í náttúrunni og leita þangað kyrrðar og næðis. Nefndin taldi að styrkja bæri stöðu almannaréttar í náttúruverndarlögum með því að kveða skýrar á um hann í markmiðsákvæðum laganna. Í náttúruverndarlögum er jafnframt að finna heimild í 4. mgr. 32. gr. laganna þar sem Umhverfisstofnun eða öðrum umsjónarmönnum náttúruverndarsvæðis er heimilt að setja sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á náttúruverndarsvæðum. Þessi heimild gefur Umhverfisstofnun þannig sértæka heimild til að setja reglur um umferð manna og dvöl á náttúruverndarsvæðum. Náttúruverndarlög gera þannig ráð fyrir að Umhverfisstofnun beri að hafa í huga við ákvarðanatöku um umferð manna og dvöl á náttúruverndarsvæðum hinn forna almannarétt en að jafnframt sé heimilt að takmarka hann til að tryggja vernd mikilvægra hagsmuna á friðlýstum svæðum. Mat á hversu viðamikilli takmörkun á almannarétti stofnunin beitir verður því alltaf háð því að ekki sé beitt fortakslausri lokun nema önnur vægari úrræði sem ná sama markmiði séu ekki fær.

Í ákvörðun Umhverfisstofnunar 9. júní 2011 um takmörkun á umferð um Dyrhólaey ákvað stofnunin að frá með 14. júní 2011 yrði opið fyrir umferð um Háey en Lágey yrði áfram lokað fram að laugardeginum 25. júní 2011. Var sú ákvörðun byggð á því mati fuglafræðings að trufla ekki fuglalíf í Lágey, sér í lagi ekki undir klettum norðan eyinnar. Sú ákvörðun var m.a. gagnrýnd af nytjarréttihöfum þar sem nokkurt æðarvarp er við tjörn sem er nálægt vegi sem liggur upp í Háey. Sumarið 2011 var unnið að stýringu umferðar um eyinna og var gönguleið afmörkuð með köðlum og merkingum norður frá bílastæðinu í Lágey að Brestnefi. Markmiðið var að stýra umferð gangandi ferðamanna til að koma í veg fyrir truflun fuglalífs á svæðinu. Rætt hefur verið í ráðgjafanefnd um friðlandið hvort færa eigi veginn sem liggur upp á Háey frá framangreindri tjörn sbr. athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands en nefndin telur óráðlegt að fara í þær framkvæmdir þar sem þær kalli á meira rask og óljóst er með hvort þær skili tilætluðum árangri. Að mati Umhverfisstofnunar er nú forsendur til að stýra umferð á ábyrgan hátt um friðlandið þannig að umferð almennings muni ekki hafa teljandi áhrif á

Umhverfisstofnun benti á að í ákvörðun sinni dags. 6. maí 2011 um lokun Dyrhólaeyjar að „rýmkun opnunartíma Dyrhólaeyjar yfir varptímann er möguleiki sem ber alvarlega að skoða bæði hvað varðar tímalengd lokunar og gildissviðs hennar enda megi draga þá ályktun af álitum sérfræðinga að fuglalífi stafi ekki veigamikil ógn af stýrðri umferð um eyjuna á varptíma fugla. Umhverfisstofnun telur að ákveðin skilyrði séu forsenda slíkra aðgerða sem t.d. hafa komið fram í umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands um málið. Einnig er nauðsynlegt að afmarka betur þau svæði sem æðarrækt skal stunduð til framtíðar“.

Ráðgjafanefnd um friðlandið hefur starfað síðan haustið 2011 og hefur hún rætt ýmsar útfærslur á stýringu umferðar um friðlandið. Mun nefndin skila tillögum að verndaráætlun fljótlega. Árið 2011 fékkst fjármagn til framkvæmda á svæðinu sem að stórum hluta fóru í stígagerð og viðhald á gönguleiðum. Árið 2012 mun Mýrdalshreppur ásamt Umhverfisstofnun standa yfir ýmsum endurbótum á aðstöðu fyrir ferðamenn í eyinni má þar nefna að koma upp salerni á Háey og halda áfram endurbótum á stígum og merkingum á svæðinu. Það er von Umhverfisstofnunar að þessar aðgerðir auk þessara ákvörðunar verði til þess að sátt skapist um eyinna sem er eina leiðin til að tryggja verndun hennar til frambúðar. Á þessu bera allir aðilar ábyrgð.


Í náttúruvernd ber að hafa sjónarmið varúðarreglu til hliðsjónar við ákvarðanatöku. Varúðarreglan kveður á um að skorti á vísindalegri fullvissu, þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni, skal ekki beitt sem rökum til þess að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Verndarandlag friðlandsins Dyrhólaey er


fuglalíf og ber Umhverfisstofnun að hlúa að því með þeim ráðum sem tiltæk eru í stjórnsýslunni, m.a. varúðarreglunni og leiðbeiningum fagaðila.

Í vísun til framangreinds er það ákvörðun Umhverfisstofnunar að loka Dyrhólaey frá 5. maí 2012 til og með 12. maí 2012 en það er gert í því skyni að koma upp merkingum á svæðinu og leiðbeiningum til ferðamanna auk þess sem tími gefst til að ráða starfsfólk á svæðið. Á tímabilinu 13. maí 2012 til 25. júní 2012 verður Háey Dyrhólaeyjar lokað fyrir akandi umferð en opið inn á Lágey milli kl. 09.00 til 18.00. Umferð gangandi almennings er heimil um Lágey og Háey eftir merktum göngustígum milli kl. 09.00 til 18.00 á þeim tíma. Friðlandið er lokað á kvöldin og á nóttunni frá kl. 18:00 til kl. 09:00 frá 13. maí. Frá 25. júní er svæðið opið allan sólarhringinn.

Heimilt er að kæra ákvörðun þessa í samræmi við 74. gr. laga um náttúrvernd nr. 44/1999 til umhverfisráðherra innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Arnadóttir
fórstjóri


Ólafur A. Jónsson
sviðsstjóri

Samrit:

Mathildur Ólafsdóttir, Hrauntungu 46, 200 Kópavogur
Þorsteinn Gunnarsson, Vatnsskarðshólum 2, 871 Vík